Vogatjörn – lífríki

Í Vogatjörn er ferskt grunnvatn á leið til sjávar, mikill gróður og smádýralíf. Tjörnin er viðkomustaður fugla og vinsælt leiksvæði barna við sílaveiðar og leik, m.a. á ís á veturna.
Hólminn í tjörninni var heyjaður áður fyrr og í honum urpu meðal annars kríur og endur.
Tjörnin er grunn með hraunbotni sem er víða þakinn þykkri leðju.
Fleiri tjarnir eru með ströndinni í Sveitarfélaginu Vogum. Þær eru ásamt Vogatjörn á náttúruminjaskrá.
Á skilti þessu er nokkrum algengum lífverum í Vogatjörn gerð skil.
Nánari upplýsingar á www.vogar.is

Vogar Pond is a body of fresh water that filters through the underlying rock as it runs toward Stakkur fjord from the mountains and lava field. Living in the pond is a wide variety of small animals and plants. The pond is a popular stageing area for birds as well as for our children who play at catching sticklebacks and skate on the ice in winter.
The small island in the middle was harvested of hayed in years passed, though nobody has done that for many years now and back then birds such as the Arctic Tern and mallard duck nested there.
The bottom of the pond is lava rock but it is covered in large part by a thick layer of fine mud.
This and the other ponds in our municipality are protected by the Nature Conservation Register as important wetlands.

Hornsíli
Gasterosteus aculeatus E:Three-spined Stickleback D: Dreistacheliger Stichling

Þau draga nafn sitt af broddum á bakinu. Hængurinn (karlinn) byggir kúlulaga hreiður á vorin úr vatnaplöntum og laðar að hrygnur (kvendýr) og þær hrygna í hreiðrið. Hann frjóvgar hrognin og gætir þeirra uns þau klekjast út eftir nokkra daga. Seiðin (afkvæmin) dvelja í hreiðrinu í viku. Hornsíli eru algeng í Vogatjörn og finnast einnig í sjónum við ströndina. Þau nærast á smádýrum í vatninu og eru sjálf vinsæl fæða ýmissa fugla. Lengd 2-5 cm.
Hvítur bandormur, *Schistocephalus solidus*, er algengt sníkjudýr í kviðarholi sílanna svo kviður þeirra þenst út.
Á efri myndinni sést ormur vera að koma út. Sníkjuormur þessi lifir til skiptis í hornsílum, fuglum og smákrabbadýrum.

A small fish, living in fresh, brackish or salt water. It is common in Vogatjörn, as well as in shallow sea at the coast. The stickleback is often a host for the tapeworm Schistocephalus solidus.

Áll
Anguilla anguilla E: European Eel Ir: Aal

Állinn er líkari slöngu en fiski, um ½ m á lengd. Fullvaxinn áll syndir 4000 km suður í banghaf (Saragossa) austur af Florida og hrygnir. Seiðin klekjast þar út og berast m.a. hingað með Golfstraumnum á 2 árum. Áll getur skriðið úr fjörunni upp í læki og tjarnir og þar elst hann upp. Hann heldur sig við botninn og sést aldrei, en þegar Vogatjörn botnfraus fyrir löngu síðan var mikið af dauðum ál sýnilegur. Um 600 álar voru veiddir í gildrur í Vogatjörn um 1990 og fluttir út til manneldis.

Probably still a common fish in Vogatjörn, the eel resembles a snake rather than a fish. Rarely seen alive here in the pond, the European eel is normally found buried in the sediment that covers the bottom.



Minkur
Mustela vison E: American Mink Ir: Mink

Minkur er rándýr af marðarætt og var fluttur til landsins 1931 en slapp úr búrum og lifir nú villtur um allt land. Hann leynist vel í holum í grjótgörðum við sjónin og finnur næga fæðu í fjörunni. Sést stundum við tjörnina og veiðir fugla eða fælir þá burt, en hann er mjög vel syndur. Reynt er að halda fjölda minka í skefjum með veiðum.

An introduced mammal, now living freely all over the country. Contrary to the popular belief that the mink's main source of food is young birds, small fish and other animals that it finds along the shores of bodies of water make up the bulk of its diet. It does raid nests if it happens upon them, but its primary habitat is along the edge of water such as here in the sedge around the pond.



Grágæs
Anser anser E: Greylag Goose D: Graugans

Stór, gráleit gæs. Grágæs er óreglulegur gestur á Vogatjörn, en verpur á Vatnsleysuströnd.
Hún er jurtaæta og nægt æti fyrir hana við tjörnina. Grágæsir eru að mestu farfuglar en sjást þó á sjónum hér árið um kring. Lengd 75-90 cm, þyngd 3,5 kg, vænghaf 147-180 cm.

Visitor on Vogatjörn. Common breader on Vatnsleysuströnd and frequently seen in surrounding coastal waters. Mostly migrant, but also seen in winter.

Brunnklukka
Agabus bipustulatus o.fl. E: Diving Beetle Ir:Schwimmkäfer

Brunnklukkan er skæðasta rándýrið í hópi vatnaskordýra enda með sterka bitkjálka. Þá notar hún til að bíta í sundur ýmis smádýr, meðal annars lirfur. Til að fá súrefni fer brunnklukkan upp á yfirborðið og nær í loftbólu sem hún geymir undir vængjunum. Hún notar svo súrefnið meðan hún athafnar sig í vatninu. Lirfa brunnklukku nefnist vatnsköttur og lifir einnig í vatni og drepur smádýr sér til matar.

The diving beetle is a vicious predator of other aquatic animals of similar size. Its jaws are large in proportion to its body and it uses these powerful tools to capture and break apart prey. As with most other adult insects it does not breathe water and in order to dive it catches a bubble of air in fine hairlike bristles on the sides of its body.

Tjarnatíta
Arctocorisa carinata E: Water Boatman Ir: Ruderwanzen

Hún er um 1 cm á lengd og lifir í vatninu. Framvængir ganga á misvíxl og þekja bak dýrsins. Hún syndir með öftustu fótunum sem eru langir og með sundburstum. Hún hreyfir þá líkt og árar á báti, enda stundum nefnd ræðari. Vatnatítur geta flogið en gera það mjög sjaldan. Þær þurfa, líkt og brunnklukkur, að skjótast reglulega upp að yfirborði til að taka loft.

The water boatman is a member of the insect order Hemiptera (80,000 species). Like the diving beetle, they need to breathe air and capture a bubble of air at each trip to the surface. Their name comes from their resemblence to a man in a row boat facing the stern as he pulls the oars.

Vatnsnál
Eloocharis palustris E: Common Spike-Rush D: Gewöhnliche Sumpfbinse

Vatnsnál eða tjarnaskúfur myndar víða þéttar breiður í tjörninni við bakkann. Stráið er sívalt, holt að innan, með 1-2 cm löngu brúnu axi (blómum) á endanum. Hæð 20-70 cm.

Rather tall, with 1-2 cm long, brownish terminal spike on top. Grows in dense bunches at the banks of Vogatjörn.



Stokkönd
Anas platyrhynchos E: Mallard. D: Stockente

Hún er buslönd og hálfkafar eftir æti í vatni. Sést af og til á tjörninni allt árið og verpur þar stöku sinnum. Fæðan er vatnaplöntur, skordýr og fræ. Stokkönd er algeng hér og er algengasta öndin yfir háveturinn. Lengd 50-65 cm, þyngd 1,1 kg, vænghaf 81-98 cm.

Mallard is the most common dabbling duck. Common throughout the year, while the pond is unfrozen. Widespread on sea, ponds and lagoons on Vatnsleysuströnd. Winters on the coast, also inland on open water.

Vorflugur
Trichoptera E: Caddis Fly Ir: Köcherfliegen

Fullorðnar vorflugur hafa stóra vængi líkt og fiðrildi, en eru lítið áberandi og lifa stutt. Þær verpa í vatn og vorflugulirfur lifa lengi og dafna vel í vatni. Þær búa sér til rör eða hús úr sandi eða þurtum sem þær flytja með sér, sjá mynd. Finnast undir steinum og í gróðri í Vogatjörn.

Caddis flies are common in fresh water streams, rivers and ponds in many parts of the world. Their larvae are 1 cm long aquatic worm-like creatures with small legs at the frontmost end of the body. The head and thorax (midsection) are used for locomotion and the larvae produce a sort of silk to sew together debris (bits of plant matter or sand) into a protective camouflaged covering for the soft main body. The adult flies emerge from the larval skin after a period of metamorphosis. They are closely related to the butterflies and moths Despite their Icelandic name, vorflugur (Spring flies), some species emerge as adults in the Fall or Summer.



Rykmý
Chrionomidae E: Midge Ir: Zuckmücken

Lirfur rykmýs eru algengar á botni tjarnarinnar og eru mikilvæg fæða fyrir önnur dýr.
Oft finnast skrautlegar skærrauðar rykmýslirfur ef gramsað er í botnleðjunni. Mýflugan er mestalla ævina á lirfustigi og lifir í besta falli nokkra daga eftir að hún skríður úr púpu upp úr vatninu sem fullþroska fluga með vængi.

Small clouds of black midges with a fuzzy-looking tuft on the front end are a fairly common sight on calm summer days after the adults have emerged from the aquatic larval form to mate and then die.

Lófótur
L: Hippuris vulgaris E: Common mare's Tail Ir: Tannenwedel

Hann hefur þéttar þyrpingar af kransstæðum blöðum, og afar lítilfjörleg blóm í öxlum kransblaðanna. Hann er vatnajurt sem stendur upp úr vatninu og myndar víða breiður úti í tjörninni sem verða mjög áberandi síðsumars. Hæð 20-60 cm.

An aquatic plant, with thick stem and leaves in whorls, standing mostly out of the water. Very prominent in late summer.



Skúfönd
Aythya fuligula E: Tufted Duck D: Reiherente

Fremur smávaxin dökk kafönd, steggurinn svartur og hvítur og kollan brún. Vor- og sumargestur á Vogatjörn. Fæðan er rykmýslirfur, vatnabobbar, botnkrabbar og hornsíli. Hefur orpið og alið upp unga á tjörninni. Lengd 40-47 cm, þyng 700 g, vænghaf 67-73 cm.

Spring and summer visitor. The most common diving duck in lowland areas. Has bred at Vogatjörn.

Vatnabobbi
Lymnaea peregrea E: Common Pond Snail Ir: Schlammschnecken

Vatnabobbar eru litlir sniglar sem lifa í vatni og mynda utan um sig þunnan, brúnleitan kuðung með stóru opi. Þeir verpa eggjum í slímhrúgur sem þeir líma við gróður, einkum mara.

The common pond snail looks similar to the periwinkles found one the rocks and seawalls on the nearby beach but the shell is smooth and thinner. They lay their eggs in blobs of slime adhered to vegetation near the surface of the pond

Blóðsugur
Hirudinea E: Leech Ir: Egel

Blóðsugur eða iglur eru flatvaxnir liðormar. Þær skríða með sérstakri byljuhreyfingu en liggja oftast kyrrar á steinum eða gróðri. Af og til sjúga þær blóð úr dýrum; ein tegund úr fuglum og önnur aðallega úr sniglum. Þær festa sig stundum við fætur barna sem vaða berfætt í tjörninni en gera engan skaða. Andigla til hægri, snigiligla til vinstri.

Two species of leeches are found in Vogatjörn (Vogar Pond). One feeds on snails (right) and the other on birds (left).



Síkjamari
Myriophyllum alterniflorum E: Alternate Flowered Milfoil Ir: Wechselblütiges Tausendblatt

Marinn vex á kafi, en efstu blaðsprotar og blómin fljóta í yfirborðinu. Laufblöðin eru afar fíngerð og margskipt. Tjörnin nærri fyllist af síkjamara þegar líður á sumarið og myndar hann eins konar frumskóg fyrir smádýrin í vatninu. Hæð 25-50 cm.

Aquatic plant, rooted to the bottom and mostly growing underwater, except for flower spikes.
The pond is almost full of it in late summer and autumn.

Hettumáfur
Larus ridibundus E: Black-headed Gull. Ir: Lachmöwe

Lítill máfur, á sumrin með svarta hettu, sem hann missir á veturna. Ungfuglar eru brúnleitir síðsumars, en lýsast þegar líður á haustið. Hettumáfur varp í tugatali í hólmanum í Vogatjörn þar til um 1990. Nú er hann tíður sumargestur. Aðalfæðan er skordýr, sniglar, ormar, fiskur, úrgangur og ber.

A small gull, formerly a common breeder in the pond's islet. Now a common summer visitor. The call of this gull is a distinctive sqawking call unlike the laughing or crying sounds made by other gulls of this area.

Hófsóley
L: Caltha palustris E: Marsh Marigold Ir: Sumpfdotterblume

Hún blómgast í júní og er auðþekkt á stórum, hóflaga laufblöðum og gulum blómum sem eru án bikarblaða. Í þeim eru frævur sem verða að dökkum belghýðum (aldinum) með fræjum í þegar gulu krónublöðin falla af í júlí. Hæð 15-30 cm.

A low-growing but not a small plant. With large reniform leaves and yellow flowers that bloom in june.

Engjarós
Potentilla palustris E: Marsh Cinquefoil Ir: Sumpf-Blutauge

Hún hefur fimmfingruð laufblöð og dumbrauð blóm með mörgum frævum á kúptum blómbotni. Frævurnar verða síðar að rauðum hnetum svo að aldinið líkist jarðarberjum. Engjarósin blómgast seint og heldur sér langt fram í september. Mikið er af henni á suðurbakka tjarnarinnar. Hæð 15-25 cm.

Rather tall with fingered dull-green leaves and red flowers. Flowers late in the summer. Mostly found on the southern bank of the pond.

Álft
Cygnus cygnus E: Whooper Swan D: Singschwan

Álftin er stór, hálslangur, hvítur fugl, sem allir þekkja. Fáeinar álftir sjást af og til á Vogatjörn. Hún er að mestu farfugl, en hluti stofnsins hefur vetursetu á sjó og stundum eru yfir 100 álftir í sveitarfélaginu. Álftin er grasbítur. Lengd 145-160 cm, þyng 10 kg, vænghaf 218-243 cm.

Irregular visitor on Vogatjörn pond. Common winter visitor at the coast, when sometimes over 100 are observed.

Kría
Sterna paradisaea E: Arctic Tern Dr: Küstenseeschwalbe

Krían er skyld máfum. Hún er minni og nettari en hettumáfur. Fer allra fugla lengst á veturna, alla leið til Suður-Íshafsins. Kría varp áður fyrr í Vogatjarnarhólma, en hætti því um svipað leyti og hettumáfurinn. Hún verpur dreift á Vatnsleysuströnd og sést oft á sjónum út af Vogum á sumrin. Fæðan er fiskur, skordýr og krabbadýr.

A summer visitor that bred on Vogatjörn pond until a few decades ago, breeds now scattered on Vatnsleysuströnd. This tiny bird has the longest migration of any bird, traveling from South Africa and northern Antarctica to Iceland and farther north. Reykjavík is the only national capital city in the world in which the Arctic tern nests.

Mýrarstör
Carex nigra E: Black Blooming Sedge Grass Ir: Braun-Segge

Hún vex víða á tjarnarbakkanum. Hún er minni en gulstörin og dökkleit blómin sitja mörg saman í 3-6 uppréttum öxum efst á stráinu. Hæð 20-80 cm.

Rather tall sedge, with 2-4 female spikes and 1 or 2 male spikes on top. Common on the bank of the pond.

Gulstör
Carex lyngbyei E: Lyngbye's Sedge Ir: Lyngbyeis Segge?

Hólminn í tjörninni er aðallega vaxinn gulstör. Hún er mjög stórvaxin og setur svip á tjörnina síðsumars. Hún er með stórum hrjúfum laufblöðum sem líkjast M eða W í þversniði. Blómin (öxin) hanga niður á milli blaðanna. Þessi tegund er upprunnin í Ameríku og finnst ekki á meginlandi Evrópu. Hæð 25-125 cm.

A Nearctic species, not growing anywhere else in Europe. Huge sedge, a dominating plant in the pond in late summer.

Göngum vel um náttúruna!
Hlífum gróðri og röskum ekki ró fugla!

Respect the countryside!
Don't damage vegetation or disturb the birds!

Ljósmyndir: **Jóhann Óli Hilmarsson**
Texti á íslensku: **Jóhann Óli Hilmarsson og Þorvaldur Örn Árnason**
Texti á ensku: **Eric dos Santos og Jóhann Óli Hilmarsson**
Umbrot: **Bragi Einarsson.**
Plötugerð: **Merking**
Umsjón: **Umhverfisnefnd Sveitarfélagsins Voga**
Styrkt af Brunabót, Styrktarsjóði EBÍ.
Sveitarfélagið Vogar
Nánari upplýsingar: www.vogar.is